

## AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 164 1. júní 1973, um útdrátt vinninga í happdrættis-  
láni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.

### 1. gr.

Í 1. gr. komi orðið "fulltrúa" í stað "forstöðumanni".

### 2. gr.

Í b-lið 2. gr. falli niður eftirfarandi orð: "og þannig úr garði gert, að vinnings  
minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar".

### 3. gr.

Í 4. gr. komi orðið "Fulltrúi" í stað orðsins "Forstöðumaður".

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. mars 1973 og  
öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. september 1975.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Þorsteinn Geirsson.*

22. september 1975.

Nr. 422.

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1975.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber  
að greiða fyrir árið 1975, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30  
29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 32 000.00
II. flokkur	.....	— 26 000.00
III. flokkur	.....	— 20 000.00
IV. flokkur	.....	— 14 000.00
V. flokkur	.....	— 8 000.00

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Akureyrar Apótek,  
Hafnarfjarðar Apótek,  
Holts Apótek,